



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Endurskoðun á innritunarferlum leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs

Í september 2020 var ákveðið að sækja um að skrifstofa skóla- og frístundasviðs (SFS) fengi að taka þátt í svokölluðu Gróðurhúsi á vegum þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar (PON) (<https://thjonustuhonnun.reykjavik.is/grodurhusid/>) til að endurskoða innritunarferla vegna leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs. Hér eru teknar saman upplýsingar um vinnu hópsins til þessa, helstu umbætur sem voru gerðar í tengslum við innritun í grunnskóla, frístundaheimili og leikskóla í mars 2021 og kynnt framtíðarsýn inn í frekari vinnu.

Vinnan hefur farið fram í nokkrum 9 – 12 klst. sprettum frá miðjum september 2020 til loka febrúar sl. en þá lauk síðasta sprettinum.

Í byrjun vinnunnar fór fram notendarannsókn með því að tekin voru viðtöl við allmarga foreldra og starfsfólk af vettvangi skóla- og frístundastarfs. Notendaviðtölin leiddu í ljós ákveðin tækifæri til breytinga í innritun leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs. Þær ábendingar sem komu fram varðandi grunnskólana voru á þá leið að í Rafrænni Reykjavík þyrfti að fara í gegnum of mörg skref, að upplýsingagjöf væri ábótavant, að óþarfa tímapressa væri að skráning í frístundaheimili fylgdi innritun í grunnskóla og að skráning í skólamat væri ekki tengd við innritun í grunnskóla. Helstu ábendingar varðandi skráningu í frístundaheimili voru að foreldrar upplifðu vinnuregluna „fyrstur kemur – fyrstur fær“ mjög neikvæða. Þetta fyrirkomulag skapaði mikla tímapressu og álag á kerfið og jafnframt að tvískráning upplýsinga ætti að vera óþörf. Einnig var bent á að verðskrá í frístundaheimilum væri óskýr. Helstu ábendingar varðandi innritun í leikskóla sneru að því að bæta upplýsingagjöf til foreldra í innritunarferlinu og varðandi stöðu umsóknar á biðlista.

Síðan hefur verið unnið að endurbótum á umsóknarferli í frístundaheimili, grunnskóla og leikskóla.

Helstu umbætur á umsóknarferli í frístundaheimili sem hópurinn leggur til lúta að bættu upplýsingaflæði til foreldra með því að setja inn algengar spurningar og svör á heimasíðu borgarinnar, gerð myndbanda til að skýra umsóknarferlið fyrir foreldrum, bæta aðgengi að verðskrá fyrir alla þjónustu skóla- og frístundasviðs með gerð gagnvirkar „reiknivélar“ og koma í veg fyrir tímappressu í umsóknarferlinu.

Helstu umbætur á innritunarferli í grunnskóla sem hópurinn leggur til varða bættu upplýsingagjöf til foreldra, að upplýsingar um skólabyrjun verði aðgengilegri fyrir foreldra, vægi netspjalls í tengslum við innritunina verði aukið, aðgengi foreldra af erlendum uppruna að upplýsingum verði bætt og að skráning í skólamat verði hluti af innritun í grunnskóla.

Helstu umbætur á innritunarferli í leikskóla sem hópurinn leggur til varðar bættu upplýsingagjöf til foreldra. Foreldrar barna á biðlista fá upplýsingabréf áður en kemur að svokallaðri aðalinnritun í leikskóla þegar innritað er í þau pláss sem verðandi grunnskólabörn eru að fara úr þar sem gefnar eru hagnýtar upplýsingar um innritunarferlið. Samfélagsmiðlar verða meira nýttir í upplýsingagjöf vegna innritunar, vægi netspjalls aukið og algengar spurningar og svör birt á vef borgarinnar.

Framtíðarsýn

Lagt er til að það verði einn umsóknarvefur fyrir alla þjónustu skóla- og frístundasviðs, þ.e. innritun í leikskóla, grunnskóla, mötuneyti í grunnskóla, á frístundaheimili og í skólahljómsveitir. Umsóknarvefurinn verði mótaður frá sjónarhóli notenda með það að markmiði að einfalda skráningu fyrir notendur.

Skoðað verði að forskrá börn í grunnskóla og frístundastarf.

Á heimasíðu borgarinnar verði kort yfir alla leikskóla borgarinnar þar sem foreldrar geta fundið leikskóla eftir hverfum, upplýsingar verði um hver er tíðasti aldur við upphaf skólagöngu á þeim leikskóla. Þar má einnig finna upplýsingar um fjölda deilda og fjölda barna ásamt hagnýtum upplýsingum um leikskólann.

Biðlistar verði samræmdir í öllum leikskólum í borginni, bæði borgarreknum og sjálfstætt starfandi.

Skoðað verði að fara af stað með tilraunaverkefni um samstarf leikskóla og frístundastarfs í einu hverfi borgarinnar. Þau börn sem eru í elsta árgangi leikskólans útskrifist í júní og innritist þá í frístundaheimili.

Ofangreindar hugmyndir að framtíðarsýn þarf að vinna með í næstu skrefum þessa umbótaverkefnis og með þeim aðilum sem málum tengjast.